

Permobil

F3 Corpus[®]



permobil

Nettur stóll til notkunar í þéttbýli

F3 Corpus er fyrirferðalítill og lipur sem auðveldar notendum að stýra inn og út úr þröngum rýmum. *Smooth* fjöðrun tryggir ávallt þægilegan akstur í þéttbýli.

Corpus – fylgir útlínunum líkamans

Corpus-sætiskerfið er með notendavæna hönnun sem fylgir útlínunum líkamans. Aukin þægindi, bætt staða mjaðmagrindar, hliðarstuðningur og stöðugleiki eru öll lykilmarkmið nýju Corpus-sessunnar.

Corpus-púðarnir eru með mýkri tvískiptan svamp, endurhannaðan stuðning við mjaðmagrind og Stretch-Air™, vatnshelt öndunaráklæði sem má þvo í vél við 60°C.

Active Reach

Hallar sætinu fram um allt að 30° og hækkar það til að auka virkni, aðstoða við flutning og daglegar athafnir.

Active Height

Gerir þér kleift að aka á allt að 5 km/klst í fullhækkaðri stöðu og virkar snurðulaust með *Active Reach* til að veita þér mikilvægan aðgang að umhverfi þínu.

Rafknúinn bakhalli

Mjúkur og öruggur rafknúinn bakhalli með rennibaki fyrir alla notendur upp að 150 kg.

Meiri akstursgeta

Nýi Permobil-rafgeymirinn og Permobil VoltPro-hleðslutækið vinna saman að því að gefa þér meiri akstursvegalengd, styttri hleðslutíma og lengri endingu rafgeymis.

Örugari akstur í myrkri

LED-ljós að framan og aftan, bæta birtustig og sýnileika.



Active Reach hallar sætinu fram um allt að 30°



Rafknúinn bakhalli með rennibaki sem fer úr einni stöðu í aðra

F3 Corpus® Tæknilegar upplýsingar

Hámarkshraði	6/8/10 km/klst
Drægni (60/73 Ah-rafgeymir)	30-40 km*
Hámarksþyngd notanda	150 kg
Klifurgeta	60 / 75 mm
Lágmarks snúningsþvermál	1350 mm
Snúningspláss	1040 mm
Fjöðrun	Sjálfstæð á öllum hjólum
Rafbúnaður R-net	120 A
Breidd með sæti	610-790 mm
Hæð	970-1170 mm
Lágmarks flutningslengd án/með veltivörn	790/890 mm
Lágmarks flutningshæð (niðurfellt bak)	825 mm
Þyngd með rafgeymi 60/73 Ah	172/184 kg
Þyngd á rafgeymi 60/73 Ah	2x17/2x23 kg
Sethæð (með rafdrifinni sætislyftu)	450-750 mm
Setdýpt	370-570 mm (um 25 mm)
Setbreidd	420-570 mm (um 50 mm)
Breidd bakplötu	360/410/460/510 mm
Hæð bakplötu	470, 545-670 mm (um 25 mm)
Breidd milli arma	380-480/480-580 mm
Árekstrarprófaður ISO 7176-19 - Dokka	Já – hámarksþyngd notenda 136 kg
Árekstrarprófaður ISO 7176-19 - ólar / festingar	Já – hámarksþyngd notenda 150 kg
Prófaður í samræmi við EN12182/EN12184 CE	Já

Gerðu hjólastólinn persónulegri



Sætislyfta
Active Height 0-300 mm



Framhalli
Active Reach* 5-30°
20° og 30° krefst
VS fótþvílu



Rafknúin og handvirk
fótþvíla 90-180°



Rafknúinn bakhalli 85-180°
Handknúinn bakhalli 120°



Sætishalli 0-50°



*Akstursaðstæður og val á gerð rafgeymis.
Mál eru áætluð og geta breyst án fyrirvara.



**Smooth fjöðrun
og stöðugleiki gera
gæfumuninn til að geta
varið öllum deginum
í rafknúnum hjólastól.**

Permobil

F3 Corpus®

Hvað stærð varðar, þá er F3 Corpus litla systkinið í fjölskyldu okkar af framhjóladrifnum rafknúnum hjólastólum. Stærð hans og góðir akstureiginleikar auðvelda þér að komast hratt inn og út úr þröngum rýmum eins og fjölförnum borgargötum og fjölmennum verslunarmiðstöðvum eða jafnvel litlum íbúðum.

F3 Corpus er einstaklega þægilegur í akstri og sparar þér orku við daglegar athafnir.

permobil

permobil.com



F3CORPUSDATASHEETIC220208